

**Ársskýrsla  
undanþágunefndar grunnskóla  
2012-2013 og 2011-2012**

*desember 2013*

Undanþágunefnd grunnskóla er skipuð samkvæmt lögum nr. 87/2008 um menntun og ráðningu kennara og skólustjórnaenda við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Nefndin metur umsóknir skólustjóra um heimild til að lausráða starfsmann sem ekki hefur leyfi mennta- og menningarmálaráðherra til að nota starfsheitið grunnskólakennari.

Fráfarandi nefnd var þannig skipuð tímabilið 1. desember 2008 til 30. nóvember 2012: Sigríður Lára Ásbergsdóttir, formaður og fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis, Rósa Ingvarsdóttir, fulltrúi Kennarasambands Íslands, Guðrún Ósk Sigurjónsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Guðmundur B. Kristmundsson, fulltrúi samstarfsnefndar háskólastigsins. Varamenn voru: Erla Ósk Guðjónsdóttir, fulltrúi ráðuneytisins, sem jafnframt er starfsmaður nefndarinnar, María Steingrimsdóttir, fulltrúi samstarfsnefndar háskólastigsins, Þórunn V. Jónasdóttir, fulltrúi Kennarasambands Íslands og Björn Þráinn Þórðarson, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samkvæmt reglugerð um störf og starfshætti undanþágunefndar grunnskóla nr. 440/2010 ber nefndinni að senda mennta- og menningarmálaráðherra og þeim sem tilnefna fulltrúa í nefndina, skýrslu um starfsemi nefndarinnar á liðnu skólaári.

Undanþágunefnd grunnskóla vekur athygli á að upplýsingar þær sem birtar eru í þessari skýrslu miðast við umsóknir skólaárin 2012-2013 og 2011-2012. Skólaárið miðast við 1. ágúst til og með 31. júlí ár hvert.

## Tölfræði

Hér á eftir má finna nokkrar tölulegar samantektir. Til samanburðar eru upplýsingar fyrir skólaárin 2002-2003 til 2010-2011.

Alls voru teknar 116 umsóknir til afgreiðslu hjá undanþágunefnd grunnskóla vegna skólaársins **2012-2013**. Af þeim samþykkti nefndin alls **92 umsóknir** en synjaði 24.

Alls voru teknar 86 umsóknir til afgreiðslu hjá undanþágunefnd grunnskóla vegna skólaársins **2011-2012**. Af þeim samþykkti nefndin alls **56 umsóknir** en synjaði 30.

Á milli skólaáranna 2012-2013 og 2011-2012 er um **64,3% fjölgun** samþykktra umsókna að ræða og á milli skólaáranna 2011-2012 og 2010-2011 er um 52,5% fækkun samþykktra umsókna milli skólaáranna, sjá nánar í töflu 2 hér á eftir.

Í örfáum tilvikum hefur undanþágunefnd grunnskóla borist umsóknir frá skólustjórum þar sem óskað er eftir heimild til að ráða starfsfólk án kennsluréttinda þrátt fyrir að fyrirliggjandi sé umsókn grunnskólakennara. Skv. 5. gr. reglugerðar nr. 440/2010 um störf og starfshætti undanþágunefndar grunnskóla er slíkt heimilt ef hvorki skólustjóri né a.m.k. tveir skólanefndarmenn geta mælt með ráðningu réttindakennarans og verður skriflegur rökstuðningur að fylgja umsókninni. Í þeim tilvikum er réttindakennara gefinn kostur á að tjá sig um framkomin gögn í málinu skv. IV. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

**Skólaárið 2012-2013** var ein umsókn sem ofangreint átti við um. Með hliðsjón af rökstuðningi málsaðila var umsókn skólustjóra samþykkt.

**Skólaárið 2011-2012** var ein umsókn sem ofangreint átti við um. Með hliðsjón af rökstuðningi málsaðila var umsókn skólustjóra hafnað.

Undanþágunefnd grunnskóla hefur ekki hingað til greint í ársskýrslu nefndarinnar sérstaklega frá þeim málum sem heimilt er samkvæmt 5. gr. reglugerðar um störf og starfshætti undanþágunefndar grunnskóla að vísa til hennar til afgreiðslu. Ástæðan þar að baki er að undanfarin ár hefur það heyrtil algerra undantekninga að skólastjórar hafi óskað eftir því að ráða starfsmann án kennsluréttinda þegar réttindakennari sækir um sömu kennslustöðu. Á skólaárinu 2009-2010 varð hins vegar breyting á sbr. neðangreint og vafalaust hefur staða atvinnumarkaðsins haft áhrif á þessa þróun á því skólaári. Hins vegar hefur sl. þrjú skólaár þeim málum fækkað aftur til þess sem var fyrir 2009, þ.e. einungis ein umsókn verið tekin til afgreiðslu á hverju skólaári, síðustu þrjú skólaárin.

#### Umsóknir vegna starfsmanna þar sem réttindakennari sækir um sömu stöðu.

Skólaárið	Heildarfjöldi umsókna	Samþykktar umsóknir	Umsóknum synjað
2012-2013	1	1	
2011-2012	1		1
2010-2011	1	1	
2009-2010	9	8	1

Í töflu 1 má sjá yfirlit yfir heildarfjölda umsókna, samþykktar umsóknir og umsóknir sem nefndin hefur synjað frá skólaárinu 2002-2003 til og með skólaárinu 2012-2013. Eins og tölurnar bera með sér þá hefur orðið mikil fækkun í umsóknum frá skólaárinu 2002-2003 til 2011-2012, ef frá er talið skólaárið 2007-2008. Á skólaárinu 2002-2003 bárust undanþágunefnd alls 893 umsóknir. Samanborið við nýliðið skólaár en þá voru umsóknir alls 116 hefur umsóknum fækkað um 87%. Athygli vekur fjölgun umsókna milli skólaáranna 2011-2012 til 2012-2013 um 64,3%.


Tafla 1

Skólaárið	Heildarfjöldi umsókna	Samþykktar umsóknir	Umsóknum synjað
2012-2013	116	92	24
2011-2012	86	56	30
2010-2011	175	118	57
2009-2010	303	238	65
2008-2009	654	477	177
2007-2008	708	506	202
2006-2007	549	411	138
2005-2006	565	439	126
2004-2005	645	527	111
2003-2004	667	667	149
2002-2003	893	718	173

Í töflu 2 má sjá skiptingu samþykktra umsókna eftir landshlutum aftur til skólaársins 2002-2003. Ef skoðaðar eru breytingar milli skólaáranna 2011-2012 og 2012-2013 þá má sjá að alls staðar er fjölgun umsókna nema á Norðurlandi vestra þar sem umsóknum fækkar um 3. Fjöldi umsókna á Suðurlandi stendur í stað. Mesta fjölgunin er á Reykjanesi, en þar fjölgar umsóknum um 14 eða 93%. Þar var hins vegar mesta fækkunin milli skólaáranna 2010-2011 og 2011-2012 eða um 45%. Á Norðurlandi eystra fjölgar umsóknum um 11 eða 367%.

Tafla 2

Samþykktar umsóknir eftir landshlutum											
	12/13	11/12	10/11	09/10	08/09	07/08	06/07	05/06	04/05	03/04	02/03
Reykjavík	9	6	9	11	103	110	72	72	84	122	162
Reykjanes	29	15	42	92	181	169	117	107	113	122	184
Vesturland	9	6	14	26	21	35	28	33	46	56	44
Vestfirðir	10	5	9	19	26	27	18	24	51	51	55
Norðurland vestra	4	7	11	11	15	14	24	30	33	57	60
Norðurland eystra	14	3	7	18	36	39	36	58	76	101	88
Austurland	11	8	19	32	41	52	47	42	54	63	61
Suðurland	6	6	7	29	54	60	69	73	70	95	64
<b>Samtals</b>	<b>92</b>	<b>56</b>	<b>118</b>	<b>238</b>	<b>477</b>	<b>506</b>	<b>411</b>	<b>439</b>	<b>527</b>	<b>667</b>	<b>718</b>
Breyting í % á milli ára	64,3	-52,5	-50,4	-50,1	-5,7	23,1	-7,5	-16,7	-21	-7	11,5



Skólaárið 2012-2013 reyndust 15,2% samþykktara umsókna vera vegna einstaklinga sem voru í fjarnámi til grunnskólakennararéttinda.

Tafla 3

Skólaár	12/13	11/12	10/11	09/10	08/09	07/08	06/07	05/06	04/05	03/04	02/03
Starfsfólk við kennslu sem er í fjarnámi	14	12	40	97	159	196	176	146	176	201	124

## Menntun þeirra sem sótt er um undanþágu fyrir er greind í 11 menntunarflokka:

1. Landspróf, gagnfræðapróf eða minni menntun.
2. Nám í framhaldsskóla án lokaprófs.
3. Stúdentspróf.
4. Starfsmenntun á framhaldsskólastigi.
5. Listnám.
6. Meistaránám, afmörkuð kennsluréttindi í listgrein.
7. Nám við háskóla án lokaprófs, stundum með einhverju námi í uppeldis- og kennslufræðum.
8. Nám til kennsluréttinda.
9. Háskólapróf á öðrum sviðum en þeim sem ná til kennslugreina grunnskóla, svo sem lögfræði, dýralækningar o.fl.
10. BA, BS, Ph.cand, MA, Cand.mag, Cand.phil, Cand.psyk og Dr. án fullnægjandi menntunar í uppeldis- og kennslufræðum, leikskólakennarar, þroskaþjálfarar og iðjuþjálfarar.
11. Prestar.

Af 92 umsóknum skólaárið 2012-2013 var 59 umsókn vegna kvenna og 33 vegna karla. Fyrir skólaárið þar á undan voru af 56 umsóknum 31 umsókn vegna kvenna og 25 vegna karla. Tafla 4 sýnir fjölda og hlutfall kvenna og karla eftir menntun.

Tafla 4

Hlutfall kvenna og karla eftir menntun								
2012-2013					2011-2012			
Menntunarflokkur	Konur	%	Karlar	%	Konur	%	Karlar	%
1	2	3,6	0	0,0	1	3,3	1	4,2
2	2	3,6	0	0,0	1	3,3	0	0,0
3	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0
4	2	3,6	3	9,7	1	3,3	7	29,2
5	1	1,8	1	3,2	0	0,0	3	12,5
6	0	0,0	3	9,7	0	0,0	1	4,2
7	4	7,3	4	12,9	1	3,3	2	8,3
8	20	36,4	10	32,3	10	33,3	7	29,2
9	1	1,8	1	3,2	2	6,7	2	8,3
10	27	49,1	11	35,5	15	50,0	2	8,3
11	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0	0,0
<b>Samtals</b>	<b>59</b>		<b>33</b>		<b>31</b>		<b>25</b>	

Þegar umsóknirnar eru flokkaðar eftir starfsreynslu viðkomandi kemur í ljós að skólaárið 2012-2013 voru flestir með enga starfsreynslu eða 33. Skólaárið 2011-2012 voru hins vegar flestir með 6 ára starfsreynslu eða meiri. Nánari flokkun má sjá í töflu 5 hér á eftir.

Tafla 5

Starfsreynsla við kennslustörf:													
	12/13		11/12		10/11	09/10	08/09	07/08	06/07	05/06	04/05	03/04	02/03
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%
6 ár eða meiri	20	21,7	19	33,9	0,0	0,0	15,8	9,5	12,7	13,7	10,3	18,6	16,7
3-5 ár	10	10,9	16	28,6	21,2	21,8	11,5	19,5	31,1	41,2	15,7	24,6	20,8
1-2 ár	29	31,5	12	21,4	27,1	32,4	31	24,9	32,8	17,5	49,7	32,5	32,9
Engin	33	35,9	9	16,1	51,7	45,8	41,7	46,1	23,4	27,6	24,3	24,3	29,7
<b>Samtals</b>	<b>92</b>		<b>56</b>										

Tafla 6 sýnir hvaða kennslugreinar var sótt um. Hafa ber í huga að hver umsókn getur varðað fleiri en eina kennslugrein.

Tafla 6

Kennslugreinar										
Skólaárið	2012-2013			2011-2012			2012-2013		2011-2012	
	Fjöldi	%		Fjöldi	%		Fjöldi	%	Fjöldi	%
Almenn kennsla	30	15	Íslenska	3	3	Smíði	12	7		
Danska	1	1	Íþróttir	7	4	Stærðfræði	4	1		
Dans	1	2	Myndmennt	1	1	Textíl	4	1		
Enska	8	1	Náttúrufræði	2		Tónmennt	7	1		
Forfallakennsla		2	Nýbúakennsla	1	1	Tæknimennt		2		
Franska	1	1	Pólska		1	Upplýsingatækni	2	1		
Handmennt	2		Samfélagsgr.	3	2	Valgreinar	1	3		
Heimilisfræði	1	4	Sérkennsla	1	2					

Skipting eftir aldri var eftirfarandi:

Tafla 7

Aldur													
	12/13		11/12		10/11	09/10	08/09	07/08	06/07	05/06	04/05	03/04	02/03
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	%	%	%	%	%	%	%	%	%
20 ára og yngri	0	0,0	0	0,0	0	0,0	0,2	0,2		0,5	0	0,0	0,0
21 - 30 ára	28	30,4	10	17,9	21,2	21,8	31,9	29,4	19,7	21,9	20,1	23,8	25,1
31 - 40 ára	26	28,3	21	37,5	27,1	32,4	32,5	33,0	33,8	30	34,5	34,9	37,5
41 árs og eldri	38	41,3	25	44,6	51,7	45,8	35,4	37,4	46,5	47,6	45,4	41,2	37,5
<b>Samtals</b>	<b>92</b>		<b>56</b>										

Eins og sjá má á töflu 7 er flest starfsfólk á aldrinum 41 árs og eldri og hefur svo verið allt frá skólaárinu 2003/2004 fram til dagsins í dag.

Endurskipað hefur nú verið í undanþágunefnd grunnskóla og er núverandi nefnd þannig skipuð: Erna Árnadóttir, formaður og fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytis, Íris Reynisdóttir, fulltrúi Kennarasambands Íslands, Sólveig B. Gunnarsdóttir, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Guðmundur B. Kristmundsson, fulltrúi samstarfsnefndar háskólastigsins. Varamenn eru: Erla Ósk Guðjónsdóttir, fulltrúi ráðuneytisins, sem jafnframt er starfsmaður nefndarinnar, Rósa Ingvarsdóttir, fulltrúi Kennarasambands Íslands, Björn Þráinn Þórðarson, fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga og María Steingrímsdóttir, fulltrúi samstarfsnefndar háskólastigsins. Skipunartímabil nefndarinnar er frá 12. mars 2013 til 11. mars 2017.

Samstarf þáverandi undanþágunefndar grunnskóla við skólastjóra vegna afgreiðslu undanþágubeiðna gekk almennt vel á skipunartímabilinu. Nefndin hefur lagt áherslu á að mikilvægt er að umsóknir til nefndarinnar séu vel unnar og að þeim fylgi viðeigandi gögn og upplýsingar. Þetta á sérstaklega við um upplýsingar um hvernig auglýsingaskyldu um lausar kennslustöður hefur verið uppfyllt og í tilvikum þegar um er að ræða að skólastjóri vill ráða starfsfólk án réttinda þrátt fyrir að fyrir liggi umsóknir frá réttindakennurum.

Reykjavík, 3. desember 2013

f.h. undanþágunefndar grunnskóla

---

Sigríður Lára Ásbergisdóttir